



1. Stjórn félagsins verði heimilt að hækka hlutafé félagsins með útgáfu og sölu nýrra hluta að nafnverði allt að kr. 1.316.476.938, úr kr. 7.944.985.920 í allt að kr. 9.261.462.858 til að fjármagna kaup á hlutum í Tryggingamiðstöðinni hf. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum. Stjórn félagsins ákveður sölugengi hlutanna, áskriftarfrest og greiðslukjör og frá hvaða tíma þeir veita réttindi í félaginu. Heimilt skal að greiða hina nýju hluti með hlutum í Tryggingamiðstöðinni hf.
2. Stjórn félagsins verði heimilt að auka hlutafé félagsins með útgáfu og sölu nýrra hluta að nafnverði allt að kr. 2.000.000.000. Annars vegar að fjárhæð kr. 1.500.000.000 án þess að forgangsréttur hluthafa verði virkur og hins vegar að fjárhæð kr. 500.000.000 sem lúta forgangsrétti hluthafa.

FL Group eignast 84% hlut í TM



- FL Group tilkynnti þann 17. september að það hefði náð samkomulagi við nokkra af stærstu hluthöfum Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) um kaup á hlutum þeirra að gefnu samþykki hluthafafundar. Hluthafarnir voru Glitnir, Hnotskurn og Samherji
- FL Group keypti samtals 46,2% hlut eða 503.409.730 hluti á genginu 47,0 fyrir hvern hlut. Kaupverðið nam samtals 23.660 m.kr.
- Í kjölfar þessara viðskipta á FL Group 83,7% hlut í TM. FL Group mun á næstu vikum gera öðrum hluthöfum TM tilboð í þeirra hluti. Það tilboð verður líka á genginu 47,0 fyrir hvern hlut, sem er jafnframt hæsta verð sem FL Group hefur greitt fyrir hluti í TM
- Ofangreind viðskipti eru háð samþykki Fjármálaeftirlitsins

Hlutir í TM	Fjöldi hluta	Eign í %
FL Group átti fyrir viðskiptin	409.644.318	37,6%
FL Group kaupir	503.409.730	46,2%
- <i>Glitnir</i>	433.614.869	39,8%
- <i>Hnotskurn</i>	42.440.134	3,9%
- <i>Samherji</i>	27.354.727	2,5%
Samtals eftir viðskiptin	913.054.048	83,7%



- Hluthafar í TM munu fá greitt fyrir hlutina sína með nýjum hlutum í FL Group ef að hluthafafundur samþykkir tillögu um útgáfu nýrra hluta
- Gengi á hinum nýju hlutum verður 24,3 fyrir hvern hlut, sem var lokagengi bréfa FL Group þann 14. september sem var síðasti viðskiptadagur áður en TM viðskiptin voru tilkynnt
- Það verða því gefnir út 1.316.476.938 nýir hlutir til hluthafa TM. Fjöldi hluta eftir viðskiptin verður 9.261.462.858

FL Group - fjöldi hluta	
Fyrir TM viðskiptin	7.944.985.920
Útgefið til hluthafa TM	1.316.476.938
Samtals eftir yfirtöku á TM	9.261.462.858



- TM er þriðja stærsta tryggingarfélagið á Íslandi með um 24% markaðshlutdeild
- Ökutækjategyggingar er mikilvægasta váttryggingagrein TM á Íslandi þar sem rúmlega helmingur af eigin iðgjöldum félagsins á Íslandi eru vegna þeirra. TM er jafnframt stærsti markaðsaðilinn í sjótryggingum á Íslandi
- TM keypti norska tryggingarfélagið Nemi Forsikring á síðasta ári en þau kaup mörkuðu fyrsta skref félagsins á erlenda markaði
- Nemi hefur vaxið hratt á undanförunum fjórum árum, Bókfærð iðgjöld hafa vaxið um 19% á hverju ári og Eigin iðgjöld hafa vaxið um 16%. Mikilvægasta váttryggingagrein Nemi er sjótryggingar

Rekstrarreikn- Lykiltölur (m.kr.)	2005	2006	1H 2007
Eigin iðgjöld	4.890	6.652	5.032
Fjárfestingatekjur	7.707	4.808	4.066
Hreinar tekjur	12.597	11.460	9.098
Eigin tjónakostnaður	-4.812	-6.376	-4.538
Annar rekstrarkostnaður	-1.727	-2.264	-1.315
Kostnaður samtals	-6.539	-8.640	-5.853
Rekstrarhagnaður	6.059	2.820	3.245
Hagnaður fyrir skatta	8.733	779	2.658
Hagnaður ársins	7.199	696	2.428

Efnahagsreikn - Lykiltölur (m.kr.)	2005	2006	1H 2007
Fjáreignir	16.881	27.866	33.320
Heildareignir	30.777	69.379	75.245
Eigið fé	16.091	21.972	22.763
Váttryggingarskuld	10.497	26.106	30.106
- þar af hluti TM	10.223	14.810	16.953



- TM er með sterka stöðu á innlendum tryggingamarkaði. Þá hefur starfsemin í Noregi farið hratt vaxandi og býður upp á marga spennandi möguleika í framtíðinni
- TM er fjárhagslega sterkt félag en um síðustu áramót var gjaldþol félagsins ellefu sinnum yfir lágmarksgjaldþoli. Eigið fé félagsins var 22.763 m.kr. í lok annars ársfjórðungs 2007
- Vátryggingastarfsemin á Íslandi hefur gengið erfiðlega á undanförunum árum. Uppgjör síðustu fjórðunga hafa sýnt fram á ákveðinn viðsnúning en það er þó enn töluvert svigrúm til frekari bætingar
- FL Group telur að þessi kaup opni tækifæri fyrir félagið á nýju sviði og að möguleikar félagsins til áframhaldandi vaxtar á fjármálamarkaði aukist
- Með kaupunum verður rekstrarfélag aftur hluti af FL Group samstæðunni. Þetta leiðir til stöðugra fjárstreymis í rekstri FL Group sem styrkir félagið
- FL Group telur TM vera góða fjárfestingu sem sé virðisaukandi fyrir hluthafa félagsins



1. Stjórn félagsins verði heimilt að hækka hlutafé félagsins með útgáfu og sölu nýrra hluta að nafnverði allt að kr. 1.316.476.938, úr kr. 7.944.985.920 í allt að kr. 9.261.462.858 til að fjármagna kaup á hlutum í Tryggingamiðstöðinni hf. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt að hinum nýju hlutum. Stjórn félagsins ákveður sölugengi hlutanna, áskriftarfrest og greiðslukjör og frá hvaða tíma þeir veita réttindi í félaginu. Heimilt skal að greiða hina nýju hluti með hlutum í Tryggingamiðstöðinni hf.
2. Stjórn félagsins verði heimilt að auka hlutafé félagsins með útgáfu og sölu nýrra hluta að nafnverði allt að kr. 2.000.000.000. Annars vegar að fjárhæð kr. 1.500.000.000 án þess að forgangsréttur hluthafa verði virkur og hins vegar að fjárhæð kr. 500.000.000 sem lúta forgangsrétti hluthafa.

